

— Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um póstflutninga í maimánnði. — Eptir 94  
skýrslu yðar, dags. í fyrradag, má ætla, að sakir heyskorts og gróðurleysis verði sem 8. maí  
stendur eigi unnt að flytja allar böggulsendingar þær, sem vænta má að afhentar verði  
til afgreiðslu með norðurlandspóstinum, sem nú á að leggja á stað, og álitíð þjer ógjör-  
legt að senda hjeðan í þetta sinn meira, en sem svarar koffortum á 3 hesta. Því felst  
jég á, að með norðurlandspósti þeim, sem nú á að fara 10. p. m. verði að eins til  
flutnings tekið:

- 1) öll brjef,
- 2) öll dagblöð í krossbandi, sbr. lög 4. nóvbr. f. á., 4. gr.,
- 3) af böggulsendingum svo mikið, sem auk sendinganna, sem nefndar eru undir staffið  
1. og 2., getur rúmast í samtals 6 koffortum, og skulu meðal slíkra böggla þjer sitja  
fyrir, sem eigi fara fram úr 2 pd. þunga, eða 5 pd. þunga, ef peningasendingar eru.  
Sbr. augl. 3. maí 1872, 13. gr., nr. 3, a.

— Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Holtastaðabrauds. — Með því að 95  
þjer, herra biskup, hafið skýrt mjer frá, að engin önnur úrræði sjeu til þess að útyega 8. maí  
Holtastaðasókn prestsþjónustu en að setja annanhvorn nábuaprestinn til þess að «inter-  
im» og án eptirgjalds til landssjóðs, vil jeg hjer með fallast á þetta fyrirkomulag.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 96  
lukkuspil. — Með brjefi frá 14. f. m. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland falið mjer úrskurð 9. maí  
á beiðni prestsins að Lundarbrekku og 4 sóknarmanna um leyfi til að halda lukkuspil  
kirkju sinni til hagsmuna.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar,  
birtingar, og ráðstöfunar að jeg leyfi tjeðum beiðöndum að stofna lukkuspil á þann  
hátt og með þeim tilgangi, sem nákvæmar er skýrt frá í erindi því, er fylgdi þókn-  
anlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 2 marz þ. á., þó með því skilyrði að enginn  
vinningur verði fölginn í peningaupphæð, ogað þjer, er fyrir lukkuspilinu standa, breyti  
nákvæmlega eptir þeim reglum er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjórn kynni að fyrir  
skipa til tryggingar fyrir því, að engin vandkvæði hljótist af lukkuspilinu.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 97  
útflutningsgjald af fiski og lýsi. — Með þóknanlegu brjefi 21. marz þ. á. senduð þjer 9. maí  
mjer, herra amtmaður, nokkrar spurningar frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu við-  
víkjandi rjettum skilningi á lögum 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi  
o. fl., og ljetuð um leið í ljósi álit yðar um atriði þau, er sýslumaðurinn hafði spurt  
um, og er jeg í öllu verulegu samþykkuur því, er þjer hafið tekið fram. Fyrir því vil jeg  
skora á yður að tjá nefndum embættismanni það, er nú greinir:

1. Þeim reglum, er þangað til hafa verið í gildi um skyldu skipa til að sýna skjöl  
sín og greiða lögboðin gjöld, hefir ekki verið breytt með lögum 4. nóvbr. 1881 (A. 16).

2. Að því er snertir útflutningsgjald af síld, verður lögreglustjóri að ganga úr  
skugga um, hve stórar þær tunnur sjeu, sem síldin flytst út í, en varla mun þörf á að  
hann mæli hverja tunnu, því þær munu flestar vera sömu stærðar. Taki tunnurnar

28. dag júním. 1882.

**97** meira en 108 potta, sbr. 2. grein laga 4. nóvbr. 1881, er það vitaskuld, að gjaldið  
9. maí. verður þeim mun meira af hverri tunnu, sem hún er stærri, en gjört er ráð fyrir í tjeð-  
um lögum.

3. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að þeim hreppstjórum eða öðrum mönnum, sem settir eru af amtmanni lögreglustjórum til aðstoðar við skipa-afgreiðslu og tollheimtu, verði falið á hendur einnig að heimta innflutningsgjald á kostnað lögreglustjóra og ábyrgð hans.

Úr þeirri spurningu, hvort lögin nái til utanríkisskipa, er á íslenskum höfnum taka við afla utanríkisskipa og flytja hann út, geymi jeg mjer rjett til síðar að leysa, ef til vill eptir að hafa leitað álits ráðgjafans.

**98** — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um lán til að kaupa  
9. maí. ullarvinnuvjelar. — Til svars brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 15. f. m. um að sýslu-  
nefnd Suður-Þingeyjarsýslu verði veitt 1800 kr. lán úr viðlagasjóði til að innleiða hinar  
einföldustu og nauðsynlegustu vjelar til umbóta á ullarvinnu, skal jeg tjá yður, að  
nefnt lán mun verða veitt sýslunefndinni, móti því að hún greiði í vexti og endurborgun 6%  
eður alls 108 kr. árlega í 28 ár af hinni upprunalegu upphæð lánsins, og með því skil-  
yrði, að amtsráð norður- og austurumdæmisins veiti samþykki sitt til lántökunnar sam-  
kvæmt sveitastjórnar-tilskipuninni 4. maí 1872 § 43 sbr. § 26.

**99** — Brjef landshöfðingja til biskups um prestsþjónustu í norðurhluta Dalaprófasts-  
11. maí. dæmis. — Með brjefi frá í gær senduð þjer mjer, herra biskup, erindi prófastsins í Dala-  
prófastsdæmi og fylgdu því 2 bænarskrár frá sóknarmönnum Saurbæjarþinga um, að  
prestakalli þessu verði til bráðabirgða þjónað af prestinum í Garpsdal, brjef frá tjeðum  
presti um, að hann sje fús á að taka að sjer prestsþjónustu í Saurbæjar prestakalli  
meðan það er laust, og loks brjef frá prestinum í Skarðsþingum. Skjöl þessi bera með  
sjer, að jafnvel þó bæði Hvammsprestakall og Saurbæjarprestaköll nú sjeu laus, er sem  
stendur, meðan að uppgjafaprestar eru bæði í Hvammsprestakalli og í Skarðsþingum, ó-  
mögulegt að koma á breytingu þeirri með tilliti til prestakallanna í Dalaprófastsdæmi  
sem fyrirskipuð er í 1. gr. 71, 72 og 73 laga um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880;  
hafið þjer, herra biskup, þar að auki drepit á, að álita megi ómögulegt, að haganlegri  
skipun hinna umræddu prestakalla en sú, sem beðið hefir verið um, geti öðlast sam-  
þykki löggjafarvaldsins, enda sje ýmsum sóknarmönnum í tjeðum prestaköllum þetta  
all-mikið áhugamál. Þjer hafið því leitað samþykkis míns til

1. að presturinn í Garpsdal verði settur til fyrst um sinn frá næstu fardögum að  
þjóna Saurbæjarþingum ásamt sínu eigin brauði,

2. að presturinn í Skarðsþingum verði á sama hátt settur til að þjóna Stadarfells-  
sókni frá næstu fardögum, og

3. að presturinn í Hjarðarholti verði settur til að þjóna Hvammssókn og hinni fyr-  
verandi Ásgarðssókni.

Þessar tillögur skulu hjer með samþykktar, þó þannig að, meðan að uppgjafa-  
presturinn í Skarðsþingum nýtur eptirlauna af brauðinu, skulu eptirlaun uppgjafaprests-  
ins í Hvammsprestakalli eingöngu greiðast af Hvammi og Ásgarðssóknum, meðan þeim  
er þjónað af sóknarprestinum í Hjarðarholti. Fyrst þá er eptirlaunum uppgjafaprestsins